

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 15. ágúst kl. 12:00 var haldinn 90. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Margrét Sverrisdóttir, Gunnar Sigurðsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson. Ennfremur sat fundinn forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

### Þetta gerðist:

1. Málefni Reykjavík Energy Invest.  
Þorsteinn Siglaugsson kom á fundinn og gerði ásamt formanni grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið á vettvangi stjórnar REI undanfarið.
2. Lagðir fram eftirtaldir kjarasamningar ásamt minnisblöðum samninganefndar um hvern samning og upplýsingablaði um niðurstöður atkvæðagreiðslna í viðkomandi félögum, sem öll hafa samþykkt samningana.

- Efling – stéttarfélag
- Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
- VM félag vélstjóra og málmtæknimanna v/vélfræðinga
- Verkstjórasamband Íslands

Samþykkt.

3. Lagt fram erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 12. þ.m. um tryggingar virkjana þar sem óskað er heimildar stjórnar til samninga um kaup á eignatryggingum fyrir Nesjavallavirkjun, Hellsheiðarvirkjun og aðveitustöðina við Korpu í samræmi við þá skilmála sem um getur í erindinu fyrir iðgjald að fjárhæð um það bil 140 milljón króna.

Samþykkt.

Framkvæmdastjóra fjármála jafnframt veitt heimild til að undirbúa frekar samning um rekstrarstöðvunartryggingu, sem lagður verði fyrir stjórn.

4. Lagður fram úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 7/2008 Orkuveita Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbær gegn Samkeppniseftirlitinu dags. 2. júlí 2008.

Forstjóri gerði grein fyrir úrskurðinum.

5. Lagt fram erindi Innkauparáðs dags. 13. ágúst s.l. þar sem heimildar stjórnar er óskað til að taka tilboði Jarðborana í boranir á Hengilssvæðinu að fjárhæð kr. 13.348.944.460.- m.vsk. Jafnframt lögð fram tillaga að samningi um boranir innan tilboðsins á árunum 2009 og 2010 að fjárhæð kr. 6.452.722.617.- án vsk. Stjórn samþykkir erindið og vísar því til eigenda til staðfestingar.

6. Lagt fram erindi Innkauparáðs dags. 13. ágúst s.l. þar sem óskað er heimildar stjórnar að taka tilboði Ístaks í fráveitukerfi, sjólagirnir á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi, að fjárhæð kr. 597.354.600.-

Samþykkt.

7. Lagt fram yfirlit yfir tilboð í jarðirnar Hvamm og Hvammsvík. Forstjóri gerði grein fyrir tilboðunum og viðræðum við efstu bjóðendur.
8. Lagt fram erindi forstjóra dags. 11. þ.m. um að falla frá forkaupsrétti að borholunni V11 ásamt tilheyrandi búnaði og lögn.

Samþykkt með þeim skilyrðum sem fram koma í erindinu.

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga Gunnars Sigurðssonar varðandi framlagningu fundargerða hlutdeildarféлага OR í stjórn OR:

Undirritaður leggur til að allar fundargerðir stjórna þeirra félaga, þar sem OR á fulltrúa í stjórn, verði lagðar fyrir stjórn OR til upplýsingar eins fljótt og auðið er eftir stjórnarfundum hvers félags.

Samþykkt.

10. Lagt fram minnisblað innri endurskoðanda dags. 13. þ.m. um starfsemi innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur ásamt innri endurskoðunaráætlun 2008-2010. Jafnframt lagt fram skýringarblað yfir innri endurskoðunarferilinn.

Innri endurskoðandi kom á fundinn og kynnti starfsemi innri endurskoðunar OR.

Afgreiðslu endurskoðunaráætlunar frestað.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 14:08**

Kjartan Magnússon,  
Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Margrét Sverrisdóttir,  
Sigrún Elsa Smáradóttir og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.